

STRÖNDUNGUR

17. desember 2013 ★ 6. tbl. 1. árg.



Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Vekjum athygli á tímaritum sem safnið er áskrifandi að: Vikan, Gestgjafinn, MAN og Hús og híbýli. Svo eru **jólabækurnar** að tínast inn t.d. Hemmi Gunn, Ragnar Skjálfti, Við Jóhanna, Mary Higgins Clark, Útkall o.m.fl. Ath. jólabækurnar eru aðeins í útláni í eina viku.

Svo er bók sem ætti að vera skyldulesning, Maður sem heitir Ove eftir Fredrik Backman, frábær!

Gleðileg bókaþól.

Jólapóstur

Nemendur í 8.-10. bekk munu fara um sveitina ásamt jólasveinunum og safna innansveitar-jólapósti að kvöldi 20. desember. Lagt verður af stað uppúr kl. 17:30 og kostar 120 krónur undir bréfið. Ef þið verðið ekki heima en viljið nýta ykkur þessa þjónustu er hægt að hengja kortin í poka á hurðarhúnninn og jólasveinarnir grípa það með.

Með jólakveðju, nemendur í 8.-10. bekk

Kirkjan

Á Aðfangadag jóla verður aftansöngur í Svalbarðskirkju að venju kl. 16:00. Gunnar Björn Jónsson mun syngja einsöng.

Næstu rusladagar:

- 19. desember - Almennt sorp
- 27. desember - Almennt sorp
- 9. janúar - Almennt sorp
- 16. janúar - Endurvinnsla

Æskan

Boðað er til aðalfundar umf. Æskunnar þriðjudagskvöldið 17. desember, kl. 20:00 í Valsárskóla. Venjuleg aðalfundarstörf.

Happdrætti SÍBS

Nú hefur SÍBS ákveðið að taka yfir alla sölu á miðum og munu ekki lengur vera umboðsaðilar um land allt.

Ég vil nota tækifærið og þakka ánægjulegt samstarf þau ár sem ég hef séð um umboðssölu fyrir happdrætti SÍBS. Ykkur er velkomið að hafa samband við mig til að fá nýjar reikningsupplýsingar vegna ársmiða og mánaðarlega endurnýjun.

Símanúmer happdrættis SÍBS er 552-2150.

Anna Petra, Neðri-Dálksstöðum.

S: 863-7585 og 462-4984

Þorablót ströndunga 2014

Þorablót ströndunga 2014 verður haldið laugardaginn 8. febrúar. Áhugasamir ættu því að taka kvöldið frá, redda barnapössun og forðast að bóka sig fyrirhluta sunnudags.

Svalasta Þorablótsnefndin

Álfaborg

Við í Leikskólanum Álfaborg höfum verið að læra jóga og spuna hjá Gerði Ósk Hjaltadóttur. Þessari kennslu er nú lokið og eru allir hérna mjög glaðir og ánægðir með tímana.



Síðasta föstudag nóvembermánaðar var foreldrakaffi og jólaföndur hjá okkur og þökkum við gestum okkar kærlega fyrir komuna. Þessar stundir eru alltaf skemmtilegar og börnin njóta þess að föndra með foreldrum eða öðrum aðstandendum. Það er líka alltaf gaman að fá gesti í kaffi.

Það sem af er desember höfum við breytt skipulaginu mikið hjá okkur. Í stað hópastarfs, íþróttar og útiskóla höfum við svokallaðar smiðjur en þá gátu börnin valið hvað þau gerðu t.d. bakstur, jólaföndur, pappírsgerð, ullar-

þæfingu o.fl. Þetta var mjög skemmtilegt og vatt svo upp á sig að kaffihús var starfrækt síðasta föstudag þar sem börn tveggja elstu árganganna bjuggu til matseðla og þjónuðu til borðs. Þau börn sem vildu saumuðu svuntur fyrir þjónana og bökuðu kökur sem voru til „sölu“.

Starfsfólkið er alltaf að vinna að nýju námskránni okkar og nú höfum við siglt inn í umhyggjuna sem á vel við núna í desember. Við höfum tekið gamlar myndir úr starfinu sem hafa hangið upp á vegg í langan tíma og flokkað þær niður eftir grunnpáttum menntunar. Þarna sáum við svart á hvítu að við höfum lengi, ef ekki alltaf, unnið starf sem fellur að nýju aðalnámskránni. Það sem er skemmtilegast við þetta er að myndirnar passa yfirleitt í fleiri en einn flokk. Þetta getur því orðið lifandi verk þar sem gestum og gangandi er boðið að færa myndirnar í þá flokka sem þeim finnst passa best.

Valsárskóli

Jólamánuðurinn hefur verið sérstaklega viðburðaríkur í Valsárskóla. Gerðar hafa verið tilraunir með fjölbreyttari kennslu aðferðir og meiri áhersla lögð á list og verkgreinar. Samstarf við Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar og Leikskólann Álfaborg, því tónlistarskólinn hefur séð um jólasöngstund á hverjum degi og þrisvar í viku hafa nemendur úr Valsárskóla farið í heimsókn í Álfaborg til að kynna sér starfið. Við viljum nota tækifærið og þakka skólastjórum og starfsfólki skólanna kærlega fyrir gott samstarf í desember.



Skólastarfinu í Valsárskóla lýkur fyrir jólafrí fimmtudaginn 19. desember og þann dag eru Litlu jólin í skólanum. Þann dag verða líka veitt verðlaun í jólasögusamkeppninni. Kennsla í Valsárskóla hefst aftur á nýju ári föstudaginn 3. janúar.

Að lokum sendum við öllum íbúum Svalbarðsstrandarhrepps okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökkum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

Starfsfólk Valsárskóla

Litið um öxl

Frétt sem birtist í Morgunblaðinu 17. mars 1977.

Svalbarðskirkju berast góðar gjafir

Akureyri, 13. marz.

Svalbarðskirkju á Svalbarðsströnd bárust í haust tvær dýrmætar gjafir.

Hin fyrri barst 10. október í tilefni 100 ára afmælis Björns Líndals 5. júní 1976. Þá komu tvær dætur Björns að Svalbarði ásamt skylduliði sínu og ferðu kirkjunni forkunnarfragran kaleik úr silfri með ígryptum íslenskum steinum til minningar um Björn Líndal, Berthu konu hans og börn þeirra fimm, sem látin eru. Gefendur eru Helena María Líndal og börn hennar, Jóhanna Margrét Líndal og Guðmundur Árnason og börn þeirra, Björn Berthel Líndal, Sigríður Guðmundsdóttir og börn þeirra.

Hin gjöfin er fjórir vandaðir og útskornir brúðarstólar, sem gefnir voru til minningar um Kristjönu Ingibjörgu Halldórsdóttur frá Neðri-Dálksstöðum, sem lézt 10. nóvember 1975. Stólarnir voru afhentir á afmælisdegi hennar 11. nóvember 1976.

Sjóður var stofnaður til minningar um Kristjönu, og er hann í vörzlu Kvenfélags Svalbarðsstrandar. Stjórn þess lét gera stólana og gaf kirkjunni ásamt 100 þús. krónum í orgelsjóð Svalbarðskirkju. Hjörtur Ármannsson, smíður á Siglufirði, smíðaði stólana og skar þá út. Í stjórn Kvenfélags Svalbarðsstrandar eru Anný Halldórsson, Sveinbjarnargerði, Sigríður Guðmundsdóttir, Svalbarði, og Herdís Jónsdóttir, Vaðlafelli.

Sóknarnefnd Svalbarðskirkju veitti gjöfunum viðtöku með þakklæti, en formaður hennar er Kjartan Magnússon, Mógili.

Morgunblaðið, 61. tbl. (17.03.1977), bls. 18
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1484368

Ég óska öllum Ströndungum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.
Þakka öllum sem sent hafa efni í blaðið á árinu og hlakka til að halda áfram
á árinu 2014 ☺

Jólakveðja, Sandra Einarsdóttir

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 21. janúar.

Skiladagur á efni í næsta blað er 17. janúar - minni á póstlistann þar sem ég
sendi mánaðarlega áminningu vegna skila á efni.